


Grýtubakkahreppur
Guðný Sverrisdóttir,
sveitarstjóri
Gamla skólahúsinu
610 Grenivík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. mars 2011
Tilvísun: UST20110100170/ksj

Aðalskipulag Grýtubakkahrepps 2010 - 2022. Tillaga

Vísað er til erindis sveitarstjóra Grýtubakkahrepps er barst 27. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010 – 2022.

Náttúruvernd

Í kaflanum þar sem farið er yfir náttúruvernd er yfirskriftin: „*Verndarákvæði og takmörkun á landnotkun*“. Að mati Umhverfisstofnunar er náttúruvernd ekki takmörkun á landnotkun heldur er um að ræða annars konar landnotkun, sem kveður á um vernd og aðgengi almennings að náttúruminum.

Vatn

Í greinargerð í kafla 5.3 er fjallað um vatn, verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Í kaflanum kemur fram að flokka beri vatn skv. 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, og að stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir í sveitarfélaginu verði í flokki A. Einnig kemur fram að stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A. Í kaflanum kemur ekkert fram um hvernig markmið um flokkun í flokk A eigi að nást. Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 8.2 í reglugerð nr. 796/1999 segir: „*Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsupprætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið, sbr. 1. mgr. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýringarupprátt sem sýnir ástand vatns, sbr. 9. gr.*“ Fram kemur í umfjöllun um ár, vötn og stendur að Fnjóská sem er lengsta dragá landsins, hafi verið ástandsmetin og kemur mat á ástandi, mengunarflokkun og tillögur um markmið og vöktun fyrir Fnjóská, í töflu á bls. 11. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allt vatn sveitarfélagsins sé flokkað.


Sjór við strendur Grýtubakkahrepps


Í greinargerð kemur fram að sjór við strandlengju Grýtubakkahrepps telst síður viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu um fráveitur og skólþ. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hvernig sú niðurstaða er fengin, og hvort það sé í samræmi við gr. 20.3 í reglugerð um skólþ og fráveitur nr. 798/1999 en í greininni segir: „20.3 Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar. Stofnunin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólþi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 og staðfestir skilgreininguna.”

Fráveita

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að áformað er að setja upp grófhreinsibúnað við útrásir fráveitu sveitarfélagsins sem eru tvær. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að slík áform séu tímasett í skipulagsáætluninni. Í greinargerð kemur fram að við vissar aðstæður er hætt á að útþynning skólþs sé ekki nægjanleg við ströndina, og bendir stofnunin á að þeim mun mikilvægara er að tímasetja áform um úrbætur.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun